

29. Framvarp

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum nr. 56 frá 30. nóv. 1914 orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $\frac{2}{3}$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu í 1 ár. Nú er skip hlutafjelagseign og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið eða skipshlutinn verður eign útlendings og er því strikað út úr skipaskránni.

3. gr.

Fyrir danskt flagg í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni og fyrir danskur konsúll kemur íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna sambandslaganna er nauðsynlegt að gera breytingu á siglingalög-
unum, og eru breytingar þær, sem hjer er farið fram á, að sjálfsgöðu í fullu
samræmi við breytingarnar, sem lagt er til að gerðar sjeu á skrásetningarlög-
unum, og stafa flestar af ríkisviðurkenningunni. Um einstakar greinar skal tekið
fram er hjer segir.

Um 1. gr.

Til þess að skip geti öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða $\frac{2}{3}$
hlutar skipsins að vera eign hjer búsettra manna, er hafa haft heimilisfestu hjer
í 1 ár. Í núgildandi lögum eru skilyrðin annaðhvort innborinna manna rjettur
eða búseta. Hjer er farin sú leið, að gera ekki innborinna rjettinn að skilyrði,
en hins vegar er búsetan í þrengsta skilningi ekki látin nægja, en þess krafist, að
hlutaðeigandi hafi haft eins árs heimilisfestu. Með því er girt fyrir það, að er-
lendar þjóðir undir sjerstökum kringumstæðum í hili komi allmiklu af flota
sínunum undir íslenskan fána, en af því gætu að sjálfsgöðu leitt óþægindi gegn
öðrum þjóðum. Í sjálfu sjer mætti í þessu sambandi gera búsetu í þrengri skiln-
ingi að eins að skilyrði fyrir ríkisborgarana eða þá, sem með samningi hafa sama
rjett, en krefjast lengri heimilisfestu fyrir aðra, en sú leið, sem hjer er farin,
virðist einföldust. Að því er hlutafjelög snertir, þá verða allir stjórnarnefndar-
mennirnir að fullnægja framangreindum skilyrðum um búsetu og heimilisfestu,
en hluthöfunum eru ekki sett nein sjerstök skilyrði, öðrum en þeim, sem kynnu
að vera í stjórninni. Aftur hefir almenna heimildin fyrir stjórnarráðið í 1. gr.
siglingalaganna til þess að veita stjórnendum hlutafjelaga undanþágu frá ofan-
nefndum skilyrðum, verið feld í burtu, enda varla ástæða til að halda henni,
þegar að eins eru gerðar kröfur til stjórnanna um að fullnægja skilyrðum þeim,
sem hjer eru sett.

2. gr.

Leiðir af sambandslögunum og gefur ekki ástæðu til sjerstakra at-
hugasemda.

3. gr.

Sömuleiðis.